

Að því er varðar varakröfu stefnanda um greiðslu helmings flutningskostnaðar, þá verður sú krafa heldur ekki tekin til greina þar sem stefnandi gerði engar athugasemdir við það að viðgerð færi tvívegis fram í Reykjavík, þótt honum mætti vera ljóst að hann yrði sjálfur að bera flutningskostnað samkvæmt skilmálum ábyrgðarskírteinis.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslensk-tékkneska verslunarfélagið hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Harðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 7. mars 1989.

Nr. 320/1987. **Óskar Mikaelsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

og gagnsök

Uppboð. Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjunarstefna í máli þessu var tekin út 13. nóvember 1987 til þingfestingar í Hæstarétti 1. febrúar 1988. Ljósrit hennar var lagt fram á uppboðsþingi 16. nóvember 1987 þar sem lögmaður gagnáfrýjanda var mættur. Frumrit stefnunnar er sagt glatað en lögmaður gagnáfrýjanda áritaði staðfest ljósrit hennar um birtingu 29. janúar 1988. Gagnáfrýjunarstefna var tekin út 14. desember 1987

til þingfestingar 11. janúar 1988 og í henni vísað til heimildar 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Aðaláfrýjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður og öll meðferð uppboðsréttar Garðakaupstaðar vegna fasteignarinnar Espilundur 10 í Garðabæ verði ómerkt og málinu vísað frá uppboðsrétti. Til vara krefst hann þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Til þrautavara gerir hann þá kröfu að þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Espilundur 10 í Garðakaupstað fari ekki fram nema að undangenginni löglegri auglýsingu og tilkynningu til sín. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Loks krefst hann þess, að gagnsök verði vísað frá Hæstarétti og málskostnaðar sér til handa.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðalsök verði vísað frá Hæstarétti og hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur með þeirri breytingu að lagt verði fyrir uppboðshaldara að halda þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Espilundi 10 í Garðabæ eins fljótt og unnt er. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 4. október 1985 krafðist Landsbanki Íslands uppboðs fasteignarinnar að Espilundi 10 í Garðakaupstað til lúkningar á skuld við veðdeild bankans. Síðar óskaði bankinn uppboðs vegna annarra skulda við veðdeildina og vegna skuldar við Byggingasjóð ríkisins. Er hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp höfðu ennfremur ýmsir aðrir óskað uppboðs á eigninni, þar á meðal gagnáfrýjandi, og uppboðsbeiðnir þeirra verið lagðar fram í uppboðsrétti.

Að undangengnum auglýsingum í Lögbirtingablaði var uppboðsmálið þingfest hinn 9. maí 1986. Á þessum tíma var Ólafur Ragnarsson þinglesinn eigandi eignarinnar. Var honum tilkynnt um uppboðsbeiðni bankans og fyrirtekt uppboðsins með ábyrgðarbréfi. Aðaláfrýjandi hafði hins vegar eignast fasteignina samkvæmt afsali 21. október 1985, sem þinglýst var 27. mars 1987. Hinn 13. júní 1986 var málið næst tekið fyrir. Þá var lögð fram uppboðsbeiðni Gjaldheimtunnar í Garðabæ og afrit tilkynningar til aðaláfrýjanda um hana og þessa fyrirtekt málsins. Mætt var fyrir uppboðsbeiðanda og aðra kröfuhafa en ekki af hálfu gagnáfrýjanda. Bókað var:

„Sala. 21.10.86, kl. 13:00.“ Málinu var enn frestað nokkrum sinn-
um. Fyrsta uppboð fór fram 16. febrúar 1987. Ákveðið var að halda
annað uppboð, er fór fram 15. september 1987. Bókað var: „Eitt
boð kom fram frá Pétri Kjerúlfi hdl. f.h. Sveins Skúlasonar kr.
1.500.000,00. Valgarður Sigurðsson hdl. krefst þriðju og síðustu
sölu og var hún ákveðin 12. október 1987, kl. 16.30.“ Þann dag
var uppboðsréttur settur að Espilundi 10 í Garðakaupstað. Um það
sem þá gerðist var bókað að loknum venjulegum inngangi:

„Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Guðjón Steingrímsson,
hrl. vegna Vélsmiðju Hafnarfjarðar á þriðja veðrétti; Sveinn Skúla-
son, hdl. vegna Helgu Skarphéðinsdóttur og Sigríðar Óskar Þóris-
dóttur, Bragi Björnsson, hdl. vegna Veðdeildar Landsbanka Íslands
og Guðjón Friðriksson, hdl. vegna Gjaldheimtunnar í Garðakaup-
stað. Af hálfu þinglýsts eiganda skv. heimildarbréfi dags. 21.10.
1985 þinglýstu 27.3.1987 Óskars Mikaelssonar mætir Kristján
Stefánsson hdl. og mótmælir framgangi uppboðsins með vísan til
22. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, þar eð umbjóðandi hans hafi ekki
fengið sendar tilkynningar um uppboðið. Krefst hann hafningar
uppboðsmálsins.

Guðjón Steingrímsson hrl. mótmælir því að málið verði hafið.

Munnlegur málflutningur ákveðst um ágreiningsefnið fimmtudag-
inn 22. þ.m. kl. 13:30.“

Málið var því næst tekið fyrir í uppboðsrétti Hafnarfjarðar og
Garðakaupstaðar 22. sama mánaðar, er haldinn var af Má Péturs-
syni bæjarfógeta. Þá var meðal annars eftirfarandi bókað:

„Mættur er af hálfu Vélsmiðju Hafnarfjarðar Guðjón Stein-
grímsson hrl. en Guðjón Friðriksson hdl. mætir fyrir Gjaldheimt-
una í Garðabæ. Af hálfu uppboðspóla er ekki mætt.

Uppboðshaldari hefur kannað rekstur málsins í uppboðsbókum:

Þingfesting fór fram 9.5.86, og málinu þá frestað til 13.6.86.
Þann dag, 13.6.86 var sala ákveðin og síðan auglýst og söluping
sett 21.10.86, en þann dag var sölu enn frestað til 24.11. sama ár,
og þann dag frestað utan réttar til 9.12. sama ár og málinu þá enn
frestað til sölu 16.2.87, og fór fyrsta sala þá fram.

Á sölupingi þann dag voru lagðar fram sem dómskjöl nr. 67, 70,
73 og 76, tilkynningar til Óskars Mikaelssonar núverandi þingl. eig-
anda eignarinnar. Ákveðið var að halda annað og síðara uppboð

eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara, sem ákvað að það skyldi haldið 20. maí sama ár, og voru Óskari Mikaelssyni sendar tilkynningar þar um. Þann dag, 20.5. var málinu frestað utan réttar vegna forfalla uppboðshaldara til næsta dags 21.5. og sölu þá enn frestað til 15.9.87. Með tilk. dags. 24.6.87 á dskj. nr. 114 og 117 var Óskari Mikaelssyni tilkynnt um sölubíngið hinn 15.9.87. Þann dag fór önnur sala fram. Ekki var mætt af hálfu uppboðspola. Við lok dómþingsins var bókað að ákveðið væri að þriðja og síðasta sala færi fram hinn 12. okt. 87. Samkv. framansögðum gangi málsins og þar sem ekki verður annað séð en að mótmæli lögmanns uppboðspola séu byggð á þeim misskilningi að tilkynningar til umbjóðanda hans hafi ekki verið lögmatar kveður uppboðshaldari upp svofelldan

Ú R S K U R Ð

Hið umbeðna þriðja og síðasta uppboð á að fara fram mánudaginn 16. nóvember 1987, kl. 13:30.“

Uppboðsþing var háð 16. nóvember 1987. Var þá sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda, gagnáfrýjanda, hæstbjóðanda, Helgu Skarphéðinsdóttur, Sigríðar Óskar Þórisdóttur, Gjaldheimtunnar í Garðakaupstað, Brunabótafélags Íslands og Byggingasjóðs ríkisins. Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt þing. Uppboðshaldari lagði fram ljósrit áfrýjunarstefnu og frestaði uppboðinu ex officio með úrskurði í því þinghaldi.

II.

Auk uppboðsbeiðanda og gagnáfrýjanda höfðu m.a. óskað uppboðs á fasteigninni Brunabótafélag Íslands, Byggingasjóður ríkisins, Gjaldheimtan í Garðabæ, Prentmyndastofan hf., Otto B. Arnar umboðsverslun, Teppabúðin, Samvinnuferðir-Landsýn hf., Iðnaðarbanki Íslands hf., Ríkisútvarpið, Pétur Björnsson, Verslunin Álfaskeið, Sigríður Ósk Þórisdóttir og Helga Skarphéðinsdóttir. Á öðru uppboði hinn 15. september 1987 voru af hálfu lögmanns hinna tveggja síðasttöldu boðnar 1.500.000,00 krónur í eignina. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að uppboðsbeiðandi eða ofangreindir kröfuhafar hafi afturkallað uppboðsbeiðnir sínar. Á uppboðsþingi 12. október 1987 krafðist lögmaður aðaláfrýjanda hafningar uppboðsmálsins. Andmæli við þessari kröfu aðaláfrýjanda eru bókuð eftir lögmanni gagnáfrýjanda einum. Af því verður ekki

dregin sú ályktun, að uppboðsbeiðandi eða aðrir kröfuhafar hafi fallist á kröfu lögmanns aðaláfrýjanda um hafningu uppboðsmálsins. Skiptir í þessu sambandi ekki máli, að ekki sóttu þeir allir þing, er munnlegur málflutningur um kröfu aðaláfrýjanda átti að fara fram 22. október 1987 og hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp. Eru þeir því aðilar uppboðsins í héraði, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Efnisdómur um uppboðið myndi og binda þá. Þeim hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa aðalsök frá Hæstarétti.

III.

Skýra ber ákvæði 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 svo, að sá fjögurra vikna frestur til gagnáfrýjunar sem þar er veittur miðist við það tímamark, er lögmaður gagnáfrýjanda fékk vitneskju um áfrýjun aðalsakar á uppboðsþingi 16. nóvember 1987. Samkvæmt því hefur gagnáfrýjunarstefna verið tekin út innan gagnáfrýjunarfrests. Gagnáfrýjandi hefur stefnt aðaláfrýjanda einum. Áfrýjun hans er því með sama annmarka og áfrýjun aðaláfrýjanda og ber að vísa gagnsökinni sjálfkrafa frá Hæstarétti.

IV.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Meðferð þessa uppboðsmáls í héraði er ekki gallalaus. Hvorki frumrit né myndrit veðskuldabréfa þeirra, sem Landsbanki Íslands reisir uppboðskröfur sínar á, hafa verið lögð fram í málinu og hafa frumrit þeirra ekki verið sýnd uppboðshaldara. Fulltrúar við embætti uppboðshaldara mættu þrisvar af hálfu uppboðsbeiðenda við fyrirtekt málsins og hafði einn þeirra gegnt starfi uppboðshaldara við þingfestingu málsins og fyrstu fyrirtekt þess eftir það. Þingsókn þessara dómarafulltrúa var óviðeigandi og andstæð reglum nr. 32 10. febrúar 1971 um málflytjendastörf manna í opinberu starfi. Uppboðshaldari tryggði sér ekki sönnun um tilkynningar sínar til aðaláfrýjanda um framkomnar uppboðskröfur og fyrirtektir uppboðsmálsins.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.
